

**549. fundur hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38, 12.  
desember 2019  
og hófst hann kl. 18:00.**

**Fundinn sátu:**

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM), Berglind Eir Egilsdóttir (BEE) og Guðný Sverrisdóttir (GS).

**Fundargerð ritaði:** Bjarnveig Guðbrandsdóttir, oddviti

Oddviti setti fund og býður fundarmenn velkomna og leitar eftir athugasemdum við fundarboðun, svo var ekki og lýsti oddviti því fund 549 lögmetan. Oddviti óskar eftir afbrygðum við dagskrá um að mál nr. 1912801 verði tekið á dagskrá og var það samþykkt.

**Dagskrá:**

**1. Fundargerðir 2019 Hafnasambandi Íslands, - 1901330**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

*Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps tekur undir bréf Vesturbyggðar varðandi áskorun um endurskoðun á hafnalögum vegna fiskeldis og mikilvægi þess að fjalla um tekjustofna hafna með tilliti til fiskeldis. Samþykkt samhljóða.*

**2. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd - 44 - 1911002F**

*Fundargerð 44. fundar Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar Tálknafjarðar. Sveitarstjórn afgreiðir sérstaklega lið 2.1 og tekur undir bókun nefndarinnar og hafnar erindinu. Fundargerðin samþykkt í heild sinni samhljóða.*

**2.1 1910423 - Ósk um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps**

Eins og fram kom á fundi nefndarinnar þann 22. október sl. var erindinu hafnað á þeim forsendum að ekki er æskilegt að minnka hafnarsvæðið. Iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæði er skilgreint neðan Strandgötu skv. gildandi aðalskipulagi. Hafnarsvæðið er því sem næst allt fullbyggt ef frá er tekið framtíðarstækkun svæðisins sem áætlað er að komi á landfyllingu. Skv. deiliskipulagi frá árinu 2014 smá sjá að ekki er mikið svæði eftir undir hafnarstarfsemi og því telur nefndin sig ekki getað minnkað hafnarsvæðið frá því sem nú er. Auk þess getur íbúðarsvæði á þessum stað skert starfsemi sem fram fer á iðnaðar-, hafnar- og athafnasvæði. Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd leggur því til við sveitarstjórn að erindinu verði hafnað á þessum forsendum.

**2.2 1902411 - Breyting á aðalskipulagi**

Lagt fram til kynningar.

**2.3 1902432 - Breyting á deiliskipulagi - Norður botn**

Lagt fram til kynningar.

- 2.4 1912717 - Eyrarhús, Tálknafirði  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir erindið.
- 2.5 1911619 - Umsókn um stöðuleyfi  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi á skipulögðu geymslusvæði er skv. gjaldskrá kr. 15.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.
- 2.6 1911655 - Umsókn um stöðuleyfi  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun á stöðuleyfi utan skipulagðs geymslusvæðis er skv. gjaldskrá kr. 50.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.  
Nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að umsækjandi geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu.
- 2.7 1911657 - Umsókn um stöðuleyfi  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun á stöðuleyfi utan skipulagðs geymslusvæðis er skv. gjaldskrá kr. 50.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.  
Nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að umsækjandi geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu.
- 2.8 1911660 - Umsókn stöðuleyfi  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir stöðuleyfi utan skipulagðs geymslusvæðis er skv. gjaldskrá kr. 40.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.  
Nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að umsækjandi geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu.
- 2.9 1911697 - Umsókn um stöðuleyfi  
Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gám til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun á stöðuleyfi utan skipulagðs geymslusvæðis er skv. gjaldskrá kr. 50.000,- pr. gám og nýtt stöðuleyfi er kr. 40.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.  
Nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að umsækjandi geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu.
- 2.10 1912722 - Umsókn stöðuleyfi gámar Norðurbotn

Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkir að veita stöðuleyfi fyrir gáma til samræmis við umsókn. Stöðuleyfið er veitt til eins árs í senn. Gjald fyrir endurnýjun á stöðuleyfi utan skipulagðs geymslusvæðis er skv. gjaldskrá kr. 50.000,- pr. gám og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í janúar 2014.

Nefndin bendir á að stöðuleyfi sé ekki hugsað sem varanleg lausn og að umsækjandi geti ekki reiknað með endurnýjun að ári liðnu.

2.11 1811017 - Stöðuleyfi gáma

Lagt fram yfirlit yfir þá sem hafa sótt um stöðuleyfi og hverjir hafa ekki sótt um leyfi.

2.12 1911640 - Ljósleiðari leggja ljósleiðara undir Strandgötu

Nefndin bendir á að Vegagerðin er veghaldari og því þarf umsækjandi að leita til þeirra. Nefndin telur að Orkubú Vestfjarða eigi rör undir Strandgötu og bendir umsækjanda á að ræða við þá.

2.13 1911607 - Til umsagnar frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.)

Lagt fram til kynningar.

2.14 1911691 - Frumvarp til laga um Húsnaðis- og mannvirkjastofnun - drög að umsögn sambandsins

Lagt fram til kynningar.

2.15 1911614 - Neysluvatnssýni 06.11.19

Lagt fram til kynningar.

2.16 1911631 - Vatnsveita gjaldskrá minnisblað frá ráðuneytinu

Lagt fram til kynningar.

**3. Styrkur umsókn um styrk vegna framkvæmda - 1911641**

*Stóra-Laugardalskirkjugarður sækir um styrk vegna framkvæmda.*

*Tillaga kom fram um að veita styrk að upphæð kr. 250.000,-, samþykkt með 4 atkvæðum. BSH situr hjá*

**4. Beiðni um afhendingu á jafnréttisáætlun ásamt framkvæmdaáætlun. - 1903062**

*Ekki er lokið við gerð jafnréttisáætlunar ásamt framkvæmdaáætlun fyrir Tálknafjarðarhrepp. Málinu frestað.*

**5. Brunavarnaráætlun ekki í gildi - 1801005**

Í bréfi frá Mannvirkjastofnun kom fram að Brunavarnaráætlun Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps væri ekki í gildi og fer fram á rökstuðning.

*Oddvita falið að svara erindinu í samráði við Vesturbyggð þar sem um sameiginlegan slökkviliðsstjóra er að ræða.*

**6. Athugasemd skráning á persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins hjá Persónuvernd - 1912715**

*Viðkomandi er beðinn velvirðingar á því að nafn hans hafi verið skráð hjá Persónuvernd og staðfest verður við Persónuvernd að um mistök hafi verið að ræða. Jafnframt tekur sveitarstjórn fram að unnið er að ráðningu persónuverndarfulltrúa fyrir Tálknafjarðarhrepp. Samþykkt samhljóða.*

**7. Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 - 1911670**

Kynning á sóknaráætlun Vestfjarða.

*Sóknaráætlunin samþykkt samhljóða.*

**8. Umhverfis- og samgöngunefnd Til umsagnar frumvarp til laga um um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 1382011 (fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn) - 1911592**

Lagt fram.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs í grunnskóla - 1911609**

Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem er verið að kynna leiðbeiningar til sveitarfélaga vegna skólaaksturs.

*Lagt fram til kynningar.*

**10 Fjárhagsáætlun 2020-2023 - 1908014**

Fjárhagsáætlun 2020-2023 fyrir Tálknafjarðarhrepp lögð fram til seinni umræðu. Áætlaðar tekjur 2020, A hluti kr. 323.537.000,-. Áætluð gjöld án fjármagnsliða kr. 313.818.000,-. Áætluð rekstrarniðurstaða A hluta kr. 7.892.000,-. Áætlaðar tekjur 2020, samstæðu kr. 364.158.000,-. Áætluð gjöld án fjármagnsliða kr. 343.037.000,-. Áætluð rekstrarniðurstaða samstæðu kr. 7.944.000,-. Áætluð rekstrarniðurstaða 2021, samstæða kr. 8.657.000,-. Áætluð rekstrarniðurstaða 2022, samstæða kr. 10.099.000,-. Áætluð rekstrarniðurstaða 2023, samstæða kr. 12.587.000,-.

*Sveitarstjórn gerir sér grein fyrir að ítrasta aðhalds þarf að gæta í fjármálum sveitarfélagsins og leitað verður allra leiða til að auka tekjur og lækka kostnað. Sveitarstjórn samþykkir fjárhagsáætlun 2020-2023 samhljóða.*

**11 Starfslok sveitarstjóra - 1912772**

*Á fundi sveitarstjórnar og sveitarstjóra Tálknafjarðarhrepps 21.nóvember sl. var tekin sameiginleg ákvörðun um að leiðir lægu ekki lengur saman og samið var um starfslok*

*Bryndísar Sigurðardóttur, sveitarstjóra. Síðasti starfsdagur hennar var 22. nóvember sl. Sveitarstjórn óskar henni velfarnaðar í framtíðinni. Sveitarstjórn felur oddvita að vera í forsvari fyrir sveitarfélagið þar til sveitarstjóri verður ráðinn.*

**12 Viðauki VII Íþróttamiðstöð - 1912770**

Lagður fram Viðauki VII (íþróttamiðstöð) við fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2019. Hækkun á tekjum kr. 5.500.000,-. Hækkun á gjöldum kr. 11.981.000,-. Aukin útgjöld nettó kr. 6.481.000,-

*BG vék af fundi undir þessum lið. Samþykkt samhljóða*

**13 Viðauki VIII, byggingarfulltrúi - 1912771**

Lagður fram Viðauki VIII (byggingarfulltrúi) við Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2019. Lækkun á leyfisgjöldum kr. 500.000,-. Hækkun á annari sérfræðisþjónustu kr. 3.000.000,-. Aukin útgjöld nettó kr. 3.500.000,-

*Sveitarstjórn samþykkir viðauka VIII samhljóða.*

**14 Pollurinn, styrkumsókn í Framkvæmdasjóð ferðamála - 1910420**

*Lagt fram til kynningar*

**15 Hæfi - vanhæfi - 1911591**

*Lagt fram til kynningar*

**28 Viðauki IX Framlag til Brúar lífeyrissjóðs - 1912801**

*Lagt er til að málaflokkurinn 2140 (sameiginlegur kostnaður) breytist vegna Brúar lífeyrissjóðs sem hér segir: Hækkun á lífeyrissjóðsgjöldum kr. 2.420.092,-. Samþykkt samhljóða.*

**16 Fyrirspurn f. vinnuhóp stjórnvalda um stuðning ríkisins við sveitarfélög - 1911583**

*Oddvita falið að svara erindinu í samstarfi við byggingarfulltrúa vegna fráveituframkvæmda. Samþykkt samhljóða.*

**17 Jafnréttisáætlun 2018-2022 - 1811107**

*Lagt fram til kynningar.*

**18 Til umsagnar frumvarp til laga um ávana- og fíkniefni (neyslurými) - 1911600**

*Lagt fram til kynningar.*

**19 Til umsagnar frumvarp til laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, 319. mál.  
- 1911636**

*Lagt fram til kynningar.*

**20 Stofnframlag ákvörðun um stofnframlag sveitarfélags. - 1905038**

*Lagt fram bréf frá Íbúðalánasjóði, dags. 28. október 2019 þar sem er verið að tilkynna um stofnframlag og viðbótaframlag vegna byggingar 12 íbúða, stærð hverrar 50 fm. Heildarkostnaður er áætlaður kr. 230.400.000,-. Stofnframlag (18%) er kr. 41.472.000,- og viðbótarframlag (4%) kr. 13.824.000,-. Ákveðið að vísa málinu til áframhaldandi vinnu sveitarstjórnar á næsta ári. Samþykkt samhljóða.*

**21 Vatnsveita gjaldskrá minnisblað frá ráðuneytinu - 1911631**

*Lagt fram til kynningar.*

**22 Til umsagnar frumvarp til laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta (leyfisveitingar, málsmeðferð, endurupptaka o.fl.) - 1911607**

*Lagt fram til kynningar.*

**23 Neyslivatnssýni 06.11.19 - 1911614**

*Tilkynning frá Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða varðandi neyslivatnssýni. Lagt fram til kynningar.*

**24 Til umsagnar frumvarp til laga um lyfjalög (lausasölulyf), 266. mál. - 1911649**

*Lagt fram til kynningar.*

**25 Ný þjóðhagsspá og forsendur fjárhagsáætlana - 1911588**

*Lagt fram til kynningar*

**26 Yfirfærsla Tálknafjarðarveggar (617-02) frá Vegagerðinni til Tálknafjarðarhrepps - 1911581**

*Lagður var fram samningur frá Vegagerðinni um veghald á þjóðvegum innan þéttbýlismarkna (mál nr. 1911581) Sveitarstjórn hafnar samningnum. BG og LM áttu símafund við fulltrúa Vegagerðarinnar og verður óskað eftir fundi með Vegagerðinni í janúar.*

**27 4. Haustþing Fjórðungssambandsins - 1910431**

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:00.**

---

Bjarnveig Guðbrandsdóttir  
(BG)

---

Guðni Ólafsson (GÓ)

---

Björgvin Smári Haraldsson  
(BSH)

---

Lilja Magnúsdóttir (LM)

---

Berglind Eir Egilsdóttir (BEE)